

20.3.2018

Umsögn um frumvarp til laga um rafrettur, mál 202.

Mig langar að koma á framfæri áhyggjum mínum varðandi þetta frumvarp.

Tankastærðir: 2 ml, tankar eru allt of litlir og eingöngu gert til að gera fólki erfiðara fyrir,
Flöskustærðir: 10 ml. allt of litlar og gerir fólki bæði erfiðara fyrir. Á Íslandi eru 10 ml pakkningar seldar með vsk. á um 1000.- krónur. Ég veipa um 30 ml. á dag, sem bera þá um 3000.- krónur á dag. (90 þúsund per. mánuð)

Hægt er að kaupa 100 ml. pakkningar á 4-5000.- þúsund. Ef þetta fer í gegn svona þá tel ég mér ekki fært að halda áfram að veipa. Mun að öllum líkindum byrja að reykja sigarettur aftur (um 30 þúsund per.mánuð)

Ég reykti sæigarettur í 49 ár og reyndi öll þau hjálparmeðul sem til eru á markaðinum en ekkert entist. Eftir að ég fór að veipa fyrir um ári síðan hefur mér tekist að halda mér frá öllu tóbaki.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að banna (með sömu takmörkunum) VG og PG grunnvökva til innflutnings, þetta er varla skyljanlegt það sem ekki hefur sannast nein skaðleg efni í þessum vökvum og hafa þessir vökvar verið notaðir til framleiðslu á ýmsum vörum. Hættan er á að ef stærðartakmarkanir munu einnig ná til þessara vökva, þá freistist fólk til að kaupa óhreinsa VG/PG vökva út úr búð í staðinn fyrir eins og er gert núna að kaupa UPS VG/PG vökva.

Ég greindist með krabbamein fyrir 3 árum og hætti að reykja á meðan á spítalavöl stóð, Byrjaði að reykja um leið og ég kom heim. Hef stúderað þetta allmikið og hef komist að raun um að nikótínið eitt og sér er ekki svo vanabindandi, heldur er samsetning nikótíns og Nornicotine sem er í sæigarettunum sem gerir tóbaksreykingar svon ávanabindandi. Heilsa mæin hefur batnað til muna eftir að ég byrjaði að veipa og það er lífsspursmál fyrir að geta haldið því áfram.

Með von um að þetta verði tekið til greina,

Höskuldur Blöndal